



361. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 10. október 2024 kl. 16:00.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Daníel Jakobsson, Hjörðís Guðmundsdóttir og Þórey Edda Elísdóttir.

Forföll: Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Úlfur H. Hróbjartsson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu þessar vikurnar, sbr. samantekt sem lögð var fyrir fundinn.

Gjafir voru sendar til Heiðursfélaga ÍSÍ, eins og gert er a.m.k. árlega. Að þessu sinni var gjöfin snyrtitaska með vörum frá Beiersdorf á Íslandi. Hver Heiðursfélagi fékk tösku sem var sérmerkt með nafni viðkomandi.

Hann kynnti samning við Akademias um aðgang að rafrænum námskeiðum og fræðslu fyrir stjórn og starfsfólk ÍSÍ.

Fundarmenn minntust Sigmundar Þórissonar fyrrum stjórnarmanns ÍSÍ sem lést 20. september sl. Framkvæmdastjóri fór norður til Akureyrar í útför Sigmundar.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu reksturs ÍSÍ. Hann fór líka yfir stöðu framkvæmda í Íþróttamiðstöðinni og áætlaðan kostnað við loftræstingu á hæð þrjú og fjögur í húsi þrjú.

Rætt var um kostnað sem fellur á ÍSÍ og UMFÍ vegna svæðisstöðva íþróttahéraða og leiðir til að mæta þeim útgjöldum.

Rætt um stöðu afreksmála gagnvart afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2025 og mikilvægi þess að ná auknu fjármagni til afreksíþróttastarfssins.

Áhersla verður lögð á að nýta alla styrki sem eru í boði hjá Ólympíusamhjálpinni, bæði til starfsemi ÍSÍ og til sérsambanda ÍSÍ á næsta styrktímabili, fyrir árin 2025 – 2028.

Verið er að vinna uppgjör á Ólympíuleikunum í París.

3. Afreksíþróttir

Rætt um stöðuna sem upp er komin vegna stjórnarslita í ríkisstjórn Íslands. Mikil óvissa hefur skapast um fjármögnun afreksstarfs þar sem fjárlög Alþingis eru enn ósamþykkt. Þingmannanefndin sem unnið hefur að hagsmunum afreksíþróttta, í kjölfar skýrslu starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytis um tillögur að framtíðarfyrirkomulagi afreksstarfs í landinu, mun halda málinu áfram gangandi, a.m.k. fram yfir afgreiðslu fjárlaga.

Rætt um næstu ólympísku verkefni sem ÍSÍ mun taka þátt í.

Vetrarólympíuhátið Evrópuæskunnar (EYOWF) fer fram í Bakuriani í Georgíu 9. til 16. febrúar nk. Kostnaðarskipting á milli ÍSÍ og sérsambanda verður 50/50, líkt og áður.

Smáþjóðaleikarnir fara fram í Andorra 26. maí til 1. júní nk. og Sumarólympíuhátið Evrópuæskunnar (EYOF) fer fram í Skopje í N-Makedóniu 20. – 26. júlí nk. Taka þarf ákvörðun um kostnaðarskiptingu ÍSÍ og viðkomandi sérsambanda, í samráði við sérsamböndin, sem fyrst vegna vinnu við fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.

4. Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Reglugerð um Hvatasjóð svæðisstöðva formlega lögð fram og staðfest en reglugerðin var samþykkt með rafrænum hætti á milli funda. Búið er að ráða í allar stöður á stöðvunum.

5. Fjármálaráðstefna ÍSÍ

Haldin verður Fjármálaráðstefna ÍSÍ 14. nóvember nk. Rætt um dagskrá ráðstefnunnar og efnistök. Skrifstofu falið að vekja athygli sambandsaðila á uppfærðum leiðbeiningum Ríkisskattstjóra um skattskyldu íþróttastarfsemi.

6. Formannafundur ÍSÍ

Verður haldinn föstudaginn 22. nóvember nk. Staðsetning er í skoðun.

7. Íþróttapíng ÍSÍ

Þingið verður haldið 16. og 17. maí nk. Staðsetning er í skoðun.

8. Íþróttamaður ársins 2024

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttáfréttamanna verður 4. janúar 2025. Staðsetning er í skoðun.

9. Umsögn um þingslalyktunartillögu um skattalega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 103. Mál

Umsögn um málið, sem unnin var af skrifstofu í samráði við forseta, framkvæmdastjóra og Afrekssvið ÍSÍ, lögð fram til kynningar.

10. Umsókn HSH um gæðavottunina Fyrirmynndarhérað ÍSÍ

Tekin fyrir umsókn Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu um gæðavottunina Fyrirmynndarhérað ÍSÍ. Umsóknin hefur verið yfirfarin af starfsfólk Stjórnsýslusviðs og uppfyllir hún öll skilyrði.

Umsóknin samþykkt samhljóða. Afhending viðurkenningarinnar fer fram á Formannafundi HSH 15. október nk.

11. Staða hnefaleikaíþróttarinnar

Bréf Alþjóðaólympíuneftdarinnar (IOC) um stöðu hnefaleikaíþróttarinnar gagnvart IOC lagt fram til kynningar. Einnig bréf frá International Boxing Association (IBA), sem var vikið úr IOC fyrir nokkru síðan.

World Boxing, nýtt alþjóðasamband um hnefaleika, eflist hægt og rólega og eru nú 55 aðildarþjóðir í sambandinu, þar á meðal Ísland. Sambandið freistar þess að uppfylla kröfur IOC, m.a. um fjölda aðildarþjóða, sem alþjóðasambond þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu IOC.

Á meðan hnefaleikar eru ekki keppnisgrein á Ólympíuleikum þá er Hnefaleikasamband Íslands ekki með stöðu sem ólympískt samband innan ÍSÍ.

12. Erlent samstarf

Forseti skýrði frá fundi norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka sem fram fór í Kaupmannahöfn í september. Þar var tilkynnt um framboð Líneyjar Rutar Halldórsdóttur til stjórnar Evrópusambands Ólympíuneftndra (EOC). Ólympíuneftnd Finnlands tilkynnti að Emma Terho, sem sæti á íþróttamannanefnd IOC, muni einnig bjóða sig fram til stjórnar EOC.

Þórey Edda ræddi sjálfbærni og íþróttir, sem var eitt af dagskrárefnum fundarins. Hún lagði áherslu á að ÍSÍ tæki frekari skref áfram í sjálfbærnimálum og gefi rými fyrir fagleg verkefni af þeim toga í fjárhagsáætlunum.

Kári Mímisson skýrði frá fundi norrænna íþróttamannanefndra sem haldinn var samhliða ofangreindum fundi, í Kaupmannahöfn. Unnið er að breytingum á reglugerð um

Íþróttamannanefnd ÍSÍ. Íþróttamannanefndin verður með fræðslufyrirlestur um gervigreind fyrir afreksíþróttafólk í byrjun nóvember.

Framkvæmdastjóri skýrði frá EOC Seminar sem hann og Kári Steinn Reynisson sóttu í lok september í Budva, Svartfjallalandi. Megináherslur voru á sjálfbærni og gervigreind.

Garðar Svansson vísaði í fund um fyrirtækjaíþróttir sem fulltrúar Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ sóttu á dögunum í Finnlandi og skýrslu frá fundinum sem fylgdi fundargögnum. Umræður urðu um fyrirtækjaíþróttir, skipulag þeirra hjá nágrannaþjóðum okkar, rekstrarumhverfi og aðkomu ÍSÍ.

13. Reglugerð um Heiðurshöll ÍSÍ

Lagðar fram tillögur Heiðursráðs ÍSÍ að breytingum á ofangreindri reglugerð.

Breytingarnar samþykktar samhljóða, með smávægilegum lagfæringum á orðlagi. Uppfærð reglugerð verður birt á vef ÍSÍ strax að loknum fundi.

14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 360. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ .
- 317. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ. Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ gaf stutta skýrslu um stöðu mála varðandi umsóknarferli og fundi með sérsamböndum.
- Fundar laganefnar frá 2. október sl. Tillögu nefndarinnar að afgreiðlu mála samþykktar.

15. Viðburðir framundan

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

16. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar 12. nóvember, 21. nóvember og 5. desember nk.

17. Önnur mál

Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri upplýsti að Sigríður Unnur Jónsdóttir, sem haft hefur umjón með kynningarviði ÍSÍ, hefur sagt upp störfum og hættir um næstkomandi áramót.

Fyrirspurn um úttekt

Viðar Garðarsson vísaði til skýrslur starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytis um afreksíþróttir og spurðist fyrir um úttekt á íþróttahreyfingunni, sem rædd er í kafla um áherslur starfshópsins í skýrslu hennar.

Forseti svaraði Viðari því til að engin ákvörðun liggi fyrir varðandi úttekt en málið, ásamt ýmsu öðru sem á sér uppruna í skýrslu starfshópsins sé til skoðunar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari